Þingholtsstræti 21, Reykjavík – nýbygging og hækkun friðaðs húss

Í tölvupósti 4. desember 2024 óskar Sigurður Einarsson eftir áliti Minjastofnunar Íslands vegna Þingholtsstrætis 21. Með erindinu fylgja frumdrög Batterísins arkitekta að skipulagi á reitnum, útgáfa 11, dagsett 4.12.2024 ásamt aðaluppdráttum Batterísins af nýbyggingu og hækkun húss á lóðinni, dagsettir 18.06.2024 með nýjustu breytingu dagsettri 4.12.2024. Sótt er um leyfi til að reisa nýbyggingu á þeim hluta lóðarinnar sem snýr að Ingólfsstræti, auk þess að reisa nýja hæð ofan á núverandi einlyft hús við Þingholtsstræti 21.

Sunnan við hið friðaða timburhús við Þingholtsstræti 21 stendur einlyft steinsteypt bygging sem reist var árið 1920 skv. Fasteignaskrá. Bæði húsin njóta aldursfriðunar skv. 29. grein laga um menningarminjar nr. 80/2012. Í því felst að óheimilt er að gera nokkrar breytingar á húsunum án leyfis Minjastofnunar Íslands. Ekki er sótt um leyfi fyrir neinum breytingum á timburhúsinu en tillagan snýr að því að reisa nýja hæð ofan á hina steinsteyptu viðbyggingu.

Eins og minnt var á í umsögn Minjastofnunar (dags. 19. ágúst 2024) um fyrri útgáfu tillögunnar, er ekki til deiliskipulag fyrir reitinn sem um ræðir og skráning húsa og fornleifa á svæðinu hefur ekki farið fram. Sú skilgreining einstakra sögulegra götumynda sem nefnd er í gildandi aðalskipulagi hefur ekki farið fram heldur en eins og fram kemur í umsögn skipulagsfulltrúa þá hljóta Þingholtsstræti og Ingólfsstræti að teljast á meðal merkustu sögulegra götumynda í Reykjavík sem beri að standa vörð um.

Lóðin er innan marka gömlu Hringbrautar sem nýtur hverfisverndar samkvæmt Aðalskipulagi Reykjavíkur 2040. Í kafla B2, Borg fyrir fólk, sem fylgdi Aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030 og heldur gildi sínu í AR20240 eru talin upp markmið með borgarvernd (bls. 164-167). Meðal annars segir þar: *„Nýjar byggingar í eldri hverfum verði lagaðar að einkennum byggðarinnar og verði aðeins heimilaðar sé sýnt fram á að þær séu til bóta fyrir heildarsvip byggðarinnar.“*

Minjastofnun Íslands gerir ekki athugasemd við nýbyggingu við Ingólfsstræti. Stofnunin heimilar gerð nýrrar hæðar ofan á einlyfta

steinsteypta byggingu við Þingholtsstræti 21, skv. uppdráttum Batterísins sem fylgdu erindinu. Tekið hefur verið tillit til ábendinga stofnunarinnar varðandi útlit hússins.

Lóðin Þingholtsstræti 21 er staðsett á svæði afmörkuðu af Hringbraut og Snorrabraut, sem reynslan hefur sýnt að er einstaklega viðkvæmt með tilliti til minja. Samkvæmt fyrirliggjandi heimildum var tómthúsbýlið Holt (Pálsbær) staðsett um 10 metra frá lóðarmörkum við Ingólfsstræti. Einnig eru heimildir um að hús hafi verið reist á lóðinni við Þingholtsstræti árið 1886, en það brann árið 1910. Ekki er því hægt að útiloka að minjar frá fyrri tíð komi í ljós við jarðrask. Minjastofnun Íslands fer fram á að fenginn verði fornleifafræðingur til þess að hafa framkvæmdareftirlit með jarðraski samfara fyrirhuguðum framkvæmdum. Ef komið er niður á minjar af því tagi, að fornleifafræðingur telur ástæðu til að stöðva framkvæmd, ber að hafa samband við Minjastofnun varðandi framhald verksins, sbr. 24. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 en þar segir: „Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar. Skal Minjastofnun Íslands láta framkvæma vettvangskönnun umsvifalaust svo skera megi úr um eðli og umfang fundarins. Stofnuninni er skylt að ákveða svo fljótt sem auðið er hvort verki megi fram halda og með hvaða skilmálum. Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands."

Virðingarfyllst,

f.h. Minjastofnunar Íslands

Henny Hafsteinsdóttir
Minjavörður Reykjavíkur og nágrennis

María Gísladóttir
arkitekt, verkefnastjóri

Afrit í tölvupósti :
Sigurður Einarsson arkitekt (sig.e@arkitekt.is)
Borgarsögusafn Reykjavíkur (minjavarsla@reykjavik.is)
Umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkur (skipulag@reykjavik.is)
Byggingarfulltrúinn í Reykjavík (byggingarfulltrui@reykjavik.is)

Vakin er athygli á því að skv. 51 gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 eru ákvarðanir Minjastofnunar Íslands skv. 20., 23., 24., 28., 42. og 43 gr. sömu laga endanlegar á stjórnsýslustigi og ekki kæranlegar til æðra stjórnvalds. Aðrar stjórnvaldsákvarðanir teknar á grundvelli laga nr. 80/2012 eru kæranlegar til umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytis. Kærufrestur er þrír mánuðir frá því að aðila var tilkynnt um ákvörðun og fer málsmeðferð eftir ákvæðum stjórnsýslulaga nr. 37/1993.

Helga Rún Guðmundsdóttir

Umsögn birt **10.02.2025**

Fyrir hönd Veitna

Veitur benda á tæknilega tengiskilmála sem fjalla um staðsetningu inntaksrýma og heimlagna og benda á að nauðsynlegt er að aðkoma lagna sé tryggð. Samkvæmt skilmálunum eiga inntaksstaðir að vera staðsettir við útvegg í götu þar sem dreifilagnir liggja. Nauðsynlegt er að skilgreina staðsetningu inntaksstaða á hönnunarstigi og í samstarfi við Veitur. https://www.veitur.is/skilmalar-heimlagna

 # 1

Einar Sigurjónsson

Umsögn birt **24.02.2025**

Sendum umsögn okkar í viðhengi vegna grendarkynningar Þingholtsstrætis 21.
Óskum eftir staðfestingu á móttöku umsagnar okkar.
Fyrir hönd okkar hjóna, íbúa í Þinghotsstræti 22.
Einar Sigurjónsson

- **PDF**

Grendarkynning Þingholtsstæti 21.r.pdf

 # 2

EINAR SIGURJÓNSSON HDL
ATTORNEY AT LAW

Skipulagsstjóri Reykjavíkur
Valný Aðalsteinsdóttir
Borgartúni 3,
105 Reykjavík

Reykajvík 12.02.2025

Efni: Grenndarkynning vegna Þingholtsstrætis 21.

Í framhaldi af bréfi yðar dags. 28.janúar 2025 viljum við, íbúar og eigendur Þingholtsstrætis 22, Reykjavík mótmæla tillögu að fyrirhugaðri framkvæmd á lóð nr. 21 við Þingholtsstræti. Hér með gerum við eftirfarandi athugasemdir við tillögu að fyrirhugaðri nýbyggingu Þingholtsstrætis 21.

Götumynd Þingholtsstrætis á milli Bókhlöðustígs og Spítalastígs hefur verið óbreytt frá því snemma á tuttugustu öldinni og hefur hún fallið vel að þeirri ímynd gamallrar götumyndar, sem borgarbúar og landsmenn ásamt íbúum götunnar kunna að meta, þekkja og máttu búast við að yrði óbreytt.

Það kemur okkur því enn og ný á óvart að nú skuli tekin fyrir tillaga að breyta götumyndinni á kostnað okkar sem við götuna búa, einkum og sér í lagi þegar verið er að ganga erinda eins aðila sem enn býr ekki í götunni. Árið 2007 kom fram tillaga frá sama aðila um samskonar breytingar sem var hafnað. Fyrrverandi leigutakar að byggingum sem eru á fyrirhugaðri byggingarlóð sóttu um að kaupa þessar eignir en var synjað, þar sem þeim og okkur var tjáð að þær væru bílskúrar og órjúfanlega tengdir íbúðarhúsinu nr. 21.

Athugsemdir okkar varða einkum þau atriði, sem lúta að skuggamyndun, umferð og öryggismálum, auk almennrar velferðar íbúa, og lakari lífsgæða íbúa.

Fyrirhuguð bygging er það há að skuggamyndun í götunni verður mun meiri en hún er nú. Hún verður þröng og dimm þar sem sólar og birtu hefur ávallt notið. Við teljum að skuggi verði meiri en ásættanlegt er miðað við núverandi götumynd og rýri þá kosti sem hafa verið varðandi rými og birtu. Þetta mun leiða til verðrýrnunar á fasteign okkar og eignum í kring.

Sama ætt hefur búið í Þinghotsstræti 22 frá því 1898 en við höfum búið í húsinu frá því 1975. Þar sem um afar gamlan bæjarhluta er að ræða og mörg hús í kring friðuð, þ.m.t. okkar, máttum við búast við því að götumynd og umhverfi héldist óbreytt og að friðunarsjónarmið næðu einnig til umhverfis og götumyndar.

Rekstraraðili E. Sigurjónsson ehf. · Sími 897 1452 · Netfang einar@logmannsstofan.is · Kt. 700197-2639 · Vsknr. 53196 · Banki 0115-26-7001

Þá gerum við okkur grein fyrir hvað það þýðir að búa í þéttbýli og hagsmunum borgarinnar að fá greidd fasteignagjöld, en þeir hagsmunir vega ekki upp hagsmuni okkar að því að búa í því umhverfi sem við höfum notið í tæp fimmtíu ár. Verðmæti eignar okkar og önnur gæði ganga framar, hagsmunum umsækjanda til nýframkvæmda, hann kaupir íbúðarhús í rótgróinni íbúðargötu. Umsækjandi hefur ekki búið í húsinu heldur leigt út eins og um hótel væri að ræða. Hagsmunir hans af nýbyggingunni tengjast á engan hátt búsetu hans heldur þörf fyrir að hagnast, og þá á hvers kostnað.

Umferð er þannig í dag, að ekið er yfir útidyratröppur okkar í Þingholtstræti 22 og eru þær nú ónýtar, vegna stöðugs ágangs akandi umferðar. Þrátt fyrir það hefur okkur verið synjað um bragarbót þar á.

Bifreiðastöður eru bannaðar þar sem nú er fyrirhugað að byggja. Þar er bifreiðum engu að síður lagt fyrir framan húsið nr. 21. Augljóst er að umferð verður mun verri eftir fyrirhugaðar breytingar, þegar einnig verður lagt fyrir framan fyrirhugaða nýbyggingu.

Að okkar mati koma bifreiðastæði fyrir framan nýbyggingu vart til geina miðað við breidd götunnar eins og hún er.

Við hljótum einnig að spyrja hvernig öryggismálum verður háttað, þar sem gatan er mjög þröng. Íbúum í Þingholtstæti 22 var synjað að setja niður rörboga við inngang hússins til að tryggja öruggan inngang í hús okkar með þeim rökum að þá yrði of þröngt fyrir slökkvilið og björgunaraðila að athafna sig í götunni.

Þess má geta að hafnað var umsókn um að breyta Farsóttarhúsinu í hótel, nú er nr. 21, í raun hótel, Þingholtssræti 22a er einnig leigt túristum, Bókhlöðustígur 10 er einnig leigt með sama hætti. Þess má geta að þegar það hús var flutt af Vesturgötunni var það of hátt og hluti þess byggður inn á lóð okkar. Þetta skapaði skuggamyndun. Er það í raun stefna borgarinnar að hrekja íbúa á brott vegna fjárhagslegra hagsmuna verktaka?

Nú liggur fyrir tillaga að nýbyggingu sem augljóslega mun þrengja götuna. Megnið að húsum við götuna eru timburhús og því eldhætta mikil, svo sem dæmin sanna. Afar lélegt vatnsflæði er í brunahönum í götunni. Í síðasta bruna í götunni var ekki nóg vatn til slökkvistarfa, hvað þá ef byggingarmagn er aukið og umferð teppir götuna meir en nú er.
Þingholtsstrætið er ein af elstu götum borgarinnar, aðgengi að húsum er því ekki eins og í nýrri hverfum, t.d. inngangur í hús okkar nr. 22, tröppur ganga út á gangstétt fyrir framan húsið, þrengt hefur verið að okkur í gegnum árin. Nágrannar okkar hafa ekki bifreiðastæði svo dæmi sé tekið. Nú liggur fyrir tillaga sem mun auka umferð sem óhjákvæmilega fylgir fleirri íbúum án þess að nokkur gögn séu tæk til skoðunar eða að fram hafi farið könnun á breytingum sem tillagan fjallar um, einungis teikning að fyrirhugaðri byggingu fylgdu í grenndarkynningu.

Að því sem að framan segir eru miklir annmarkar að okkar áliti á fyrirhuguðum framkvæmdum og er þeim harðlega mótmælt að öllu leyti, sem óforsvarnanlegum á þessum stað, miðað við þær aðstæður sem eru í götunni. Það þarf því að huga að

öllum aðilum og hagsmunir eins eiga ekki að ráða ferð þegar ekkert liggur fyrir um þörf á þessari framkvæmd umfram hagnarðarvon.

Við teljum að tillaga að fyrirhugaðri framkvæmd muni brjóta gegn Byggingar og skipulagslögum nr. 73/1997 fjölmörgum ákvæðum byggingarreglugerðar nr. 441/1998 t.d. 1.gr. d. liðar 3.gr. 3,2, 103,1, fjórða kafla reglugerðarinnar um byggingarmagn, og sjöunda kafla reglugerðarinnar um brunamálefni. Ekkert deiliskipulag er til fyrir hverfið, svo borið sé niður af handahófi og sýnir, svo ekki verður um villst að gæta þarf varúðar áður en lengra verður haldið og hafna beri umsókninni.

Að því sem að framan segir teljum við einsýnt að verði að fyrirhuguðum byggingarframkvæmdum, áskiljum við okkur rétt til skaðabóta úr hendi leyfisveitanda og byggingaraðila á grundvelli 33. gr. skipulagslaga l. nr. 73/1997.

Víðtækar breytingar á umhverfi munu valda okkur tjóni sem fellst í verðrýrnun fasteignar okkar og lakari lífsgæðum. Má í þessu samabandi minna á framkvæmdaleyfi borgarinnar við Álfabakka.

Við áskiljum okkur allan rétt til þess að koma að frekari athugsemdum og gögnum ef þurfa þykir, allt eftir framvindu máls þessa.

Virðingarfyllst

Þóra Bjarnadóttir

Einar Sigurjónsson

Elísabet Þorgeirsdóttir

Umsögn birt **27.02.2025**

Við undirritaðar höfum farið yfir gögn sem okkur voru send til grenndarkynningar vegna byggingaframkvæmda á Þingholtsstræti 21. Okkur hugnast ekki sú framkvæmd og viljum taka undir andmæli nágranna okkar í Þingholtsstræti 17, 2. hæð, og Þingholtsstræti 22.

Fyrirhugaðar byggingaframkvæmdir falla ekki að hinni heildstæðu og einstöku götumynd Þingholtsstrætis og Ingólfsstrætis. Einkum á það við um nýbygginguna á matshluta 03 sem verður í hrópandi ósamræmi við timburhúsin til beggja hliða í Ingólfsstræti.

Á svæðinu eru mikil þrengsli fyrir og því ótækt að auka á þau með þessum hætti. Má þar vísa til ákvörðunar stjórnvalda um að vinna gegn skammtíma útleigu húsnæðis. Í grenndarkynningunni kemur ekki fram til hvers á að nýta hið nýja húsnæði. Miðað við reynslu okkar af núverandi eiganda teljum við miklar líkur á að það verði áfram í útleigu sem okkur hugnast ekki. Við lýsum eindregið yfir andstöðu við framkvæmdirnar.

Elísabet Þorgeirsdóttir, Þingholtsstræti 17, 3. hæð.
Auður Eir Vilhjálmsdóttir og Yrsa Ingibjörg Vilhjálmsdóttir, Þingholtsstræti 17, jarðhæð.

Gyða Sigurlaug Haraldsdóttir

Umsögn birt **26.02.2025**

Til Skipulagsstjóra
Efni: Grenndarkynning vegna Þingholtsstrætis 21 – mál USK24070192

Eftir að hafa skoðað gögn tengd yfirhuguðum framkvæmdum á lóðinni Þingholtsstræti 21 höfum við eftirfarandi athugasemdir:

1. Fyrirhugaðar byggingar, annars vegar stækkun á einnar hæðar húsi við hlið aðalhúss lóðarinnar (mhl. 02), og hins vegar nýtt hús á bílastæði þess í Ingólfsstræti (mhl. 03), eru skv. byggingar- og útlitsteikningum mjög á skjön við götumyndir bæði Ingólfsstrætis og Þingholtsstrætis. Þessar götur báðar eru með elstu götum Reykjavíkur og flest hús í nágrenni við fyrirhugað byggingarsvæði eru friðuð. Í Þingholtsstræti er ein heillegasta götumynd gamalla timburhúsa í borginni og þar hafa eigendur margra húseigna kostað miklu til við lagfæringar og fegrun eigna sinna og hafa hlotið sérstakar viðurkenningar borgarstjórnar fyrir vel heppnaðar endurbætur. Þeir sem taka ákvarðanir um breytingar á svæðinu bera því mikla ábyrgð. Má í því sambandi benda á eitt stórslys við götuna þegar gömul hús voru rifin í lok 7. áratugarins og stórt steypu- og glerhús var reist í staðinn, sem nú hýsir hluta af starfsemi Menntaskólans í Reykjavík.

2. Húsið við Þingoltsstræti 21 hefur um árabil verið notað til útleigu fyrir ferðamenn og er því í raun hótel í dulargervi. Við teljum mjög líklegt að hugmynd framkvæmdaaðila sé að búa til aukið rými sem þeir geta notað til þess háttar útleigu. Fyrirhugaðar framkvæmdir miða því ekki að þéttingu byggðar, til hagsbóta fyrir íbúa borgarinnar, heldur eru fyrst og fremst í ágóðaskyni fyrir eigendur hússins sem hafa nær aldrei búið í því og búa ekki einu sinni í sveitarfélaginu.

3. Það er augljóst að enn mun þrengja að íbúum þessara tveggja gatna ef af byggingarframkvæmdum verður. Nú þegar er mikill skortur á bílastæðum og aukið byggingarmagn mun óhjákvæmilega þrengja að íbúum hvað það varðar, hvort sem þessi nýju rými verða leigð ferðamönnum eða verða seld eða leigð til fastrar búsetu.

4. Þótt þessar fyrirhuguðu nýbyggingar séu ekki beintengdar okkar húsi, Þingholtsstræti 17, er nálægð, sérstaklega hússins við Ingólfsstræti, mjög mikil og mun m.a. hafa verulega neikvæð áhrif á núverandi útsýni og sólskin á útisvæði. Með hliðsjón af öllu framansögðu teljum við að aukin þrengsli við báðar göturnar, fjölgun íbúða fyrir ferðamenn og aðra geti haft neikvæð áhrif á verðgildi húseignar okkar. Líklegt má telja að aukin umferð fólks og farartækja muni gera íbúðir í götunum minna eftirsóknarverðar og afleiðingar þessara framkvæmda muni því verða til þess að rýra verðgildi þeirra.

Að öllu þessu framansögðu leggjumst við því alfarið gegn fyrirhuguðum áformum og óskum eftir því að þær verði ekki heimilaðar.

Virðingarfyllst
Gyða Haraldsdóttir
Steingrímur Steinþórsson
Eigendur og íbúar í Þingholtsstræti 17, 2 hæð.

Hanna Guðmundsdóttir

Umsögn birt **27.02.2025**

Við, Sigríður Gunnarsdóttir, Hanna Guðmundsdóttir og Ívar Karl Bjarnason, eigandi og íbúar í Ingólfsstræti 20 sendum hjálagt inn umsögn og andmæli við umsókn um byggingarleyfi á lóðinni að Þingholtsstræti 20, USK 24070192.

Við viljum leiðrétta eftirfarandi atriði í umsögn og andmælum okkar vegna USK 24070192:

Mænir hússins að Ingólfsstræti 20 er sagður á teikningum með grenndarkynningu vera 11,9 metrar að hæð, en ekki 10,54 metrar eins og tilgreint var í umsögn okkar. Hæðartalan 10,54 metrar á þar við fyrirhugaða byggingu mhl.03, en á sömu síðu kynningarinnar er hæð þeirrar byggingar tilgreind sem 7,7 metrar.

Samkvæmt teikningum á vef Reykjavíkurborgar er mænishæð hússins að Ingólfsstræti 20 sagður vera 9,06 metrar sem mun vera rétt.

- **PDF**

USK 24070192 ANDMÆLI.pdf

 # 6

Sigríður Gunnarsdóttir og fjölskylda
Ingólfsstræti 20
101 Reykjavík

Reykjavíkurborg
Skipulagsfulltrúi
Valný Aðalsteinsdóttir verkefnastjóri

Reykjavík 27. febrúar 2025

Varðar: Þingholtsstræti 21
Umsókn um byggingarleyfi USK 24070192
ANDMÆLI

Við undirrituð, eigandi og íbúar hússins að Ingólfsstræti 20, viljum koma á framfæri eftirfarandi athugasemdum vegna fyrirliggjandi umsóknar um byggingarleyfi á lóðinni við Þingholtsstræti 21.

1. Villandi upplýsingar um stærðir

Í kynningunni er greint frá því að núverandi bygging MHL 02 sé 82 m², en samkvæmt raunmálum er hún 62,1 m² (6m × 10,35m) (sjá aðaluppdrætti í Skjalasafni Reykjavíkur). Raunveruleg stækkun yrði því úr 62,1 m² í 164,2 m², eða um 102,1 m², en ekki 72 m² eins og haldið er fram í aðaluppdrætti sem fylgir grenndarkynningu. Þetta gefur verulega ranga mynd af umfangi framkvæmdarinnar og virðist draga úr raunverulegri stærð hennar.

Á teikningum sem fylgja umsókninni er mænir hússins að Ingólfsstræti 20 sagður 10,54m sem er rangt, samkvæmt teikningum er mænirinn 9,06m (sjá aðaluppdrætti í Skjalasafni Reykjavíkur).

Tölur eru víða á reiki og upplýsingar misvísandi, en hvað sem því líður leggjumst við alfarið gegn fyrirhuguðum framkvæmdum með vísan til neðangreindra atriða.

2. Rangur útreikningur á nýtingarhlutfalli lóðar

Í gögnum (aðaluppdrætti sem fylgir grenndarkynningu) er nýtingarhlutfall lóðar sagt vera (154 m² + 80,8) / 380 m² = 0,62. Þessi útreikningur tekur ekki tillit til byggingar sem þegar stendur á lóðinni (MHL 01) sem er um 324,1 m² á fjórum hæðum. Þegar tekið er tillit til allra bygginga á lóðinni er raunverulegt nýtingarhlutfall mun hærra, eða um 1,5.

Þetta þýðir að lítið verður eftir af lóðinni til dvalar og verulega þrengt að aðliggjandi lóðum. Reyndar er nýtingarhlutfall lóðar rétt tilgreint í kynningu á vefsíðu Batterísins arkitektastofu, sem er enn eitt dæmi um misvísandi upplýsingar í gögnunum.

3. Áhyggjur af jarðraski og áhrifum á nærliggjandi byggingar

Nefnt er í umsókninni að byggt yrði ofan á núverandi byggingu, en það virðist með öllu óraunhæft. Framkvæmdin felur ekki aðeins í sér að byggt yrði ofan á núverandi byggingu, heldur einnig að dýpka hana og bæta við fyrstu hæðina nærri 20 m². Útveggur sem snýr að Ingólfsstræti yrði færður innar á lóðina um 1,9 m., og líklegt að grafa þyrfti fyrir grunni og

hugsanlega að brjóta klöpp, hallandi þak þyrfti einnig að rífa. Enda er í fyrri umsóknum farið fram á leyfi til að rífa skúr og byggja hús í hans stað.

Þetta krefst umtalsverðs jarðrasks, en byggt er á klöpp sem gerir framkvæmdina erfiða. Slíkt umrót gæti haft alvarlegar afleiðingar fyrir undirstöður nærliggjandi húsa og trjágróður á svæðinu.

4. Skuggavarp og áhrif á birtuskilyrði

Fyrirhuguð stækkun myndi hafa veruleg áhrif á skuggavarp á lóð Ingólfsstrætis 20, sérstaklega seinni hluta dags þegar lóðin nýtur helst sólar. Bent er á ósamræmi milli skuggavarpsmynda í núverandi umsókn og kynningarpakka frá 18. mars 2024, þar sem seinni útgáfan sýnir minna skuggavarp þrátt fyrir óbreyttar forsendur.

Byggingarnar munu einnig hafa veruleg áhrif á birtuskilyrði innanhúss í Ingólfsstræti 20, ekki aðeins með beinu skuggavarpi heldur einnig með því að takmarka annað endurvarp og almenn birtuskilyrði.

5. Áhrif á trjágróður og umhverfisgæði

Ösp á lóðinni okkar að Ingólfsstræti 20, sem samkvæmt úttekt skrifstofu umhverfisgæða er talin, miðað við vöxt og aldur, hafa töluvert gildi sem gott tré og sjaldgæft kvæmi, væri í hættu bæði vegna jarðrasks sem myndi hafa áhrif á rótarkerfi hennar og vegna breyttra birtuskilyrða. Einnig er hætta á að gráreynir á nærliggjandi lóðum Þingholtsstræti 21 og Ingólfstræti 18 yrðu fyrir verulegum áhrifum vegna byggingar MHL03.

Þessi tré eru mikilvægur hluti götumyndar bæði Ingólfsstrætis og Þingholtsstrætis og gegna veigamiklu hlutverki í heilnæmi umhverfisins á svæðinu, þeim fylgir einnig fjörugt og skemmtilegt fuglalíf.

6. Fjárhagslegir hagsmunir á kostnað búsetugæða

Víst er að söluverðmæti húss okkar myndu minnka. Aftur á móti gæti fjárhagslegur ábati byggingaraðila orðið umtalsverður. Í gömlu húsunum eru nú um fimm eða sex leiguíbúðir og myndi fjölga um tvær yrðu þessi áform að veruleika, hvort sem ráðgert er að selja íbúðirnar eða leigja út til skamms eða langs tíma. Á það má einnig benda að gæði þeirra íbúða sem fyrir eru á lóðinni myndu skerðast yrði af þessum framkvæmdum, bæði með tilliti til dagsbirtu og vistrýmis. Að sama skapi má sjá að íbúðir á jarðhæð í MHL02 nytu aðeins birtu úr gluggum á vesturhluta íbúðanna fjærst svefnherbergjum.

Í húsinu að Þingholtsstræti 21 var um tíma rekið gistiheimili, en á tímum covid voru íbúðirnar leigðar út í langtímaleigu, en tíð skipti urðu á leigjendum. Ljóst er að viðbætur þessar eru ekki ætlaðar til þess að bæta byggð eða lífsgæði þeirra sem þar búa fyrir - þvert á móti myndu þær skerða þau svo um munar - heldur til aukins fjárhagslegs ávinnings húseiganda og framkvæmdaraðila.

Með hliðsjón af ofangreindum athugasemdum varðandi stærð og umfang fyrirhugaðra framkvæmda, áhrif á nærliggjandi eignir, skuggavarp, birtuskilyrði og verndun mikilvægs trjágróðurs, auk áhrifa á lífsgæði og velferð íbúa sem búið hafa þar í marga áratugi, förum við þess á leit að umsókninni verði hafnað og ekki verði af þessum framkvæmdum.

_____
Sigríður Gunnarsdóttir

_____
Ívar Karl Bjarnason

_____
Hanna Guðmundsdóttir

Núverandi ásýnd frá Þingholtsstræti ljósmynd frá kynningu.

Ásýnd frá Þingholtsstræti samkvæmt kynningu.

Samanburður á núverandi mynd og hugmynd samkvæmt uppdráttum sýnir ljóslega hve mikið fyrirhuguð framkvæmd myndi skyggja á útsýni og birtu í Ingólfsstræti 20.

Sigurður Björnsson

Umsögn birt **27.02.2025**

Við undirrituð, eigendur og íbúar Þingholtsstrætis 15a, gerum hér með eftirfarandi athugasemdir varðandi viðbyggingu ofan á skúr við Þingholtsstræti 21, skúr sem var skipulagður sem bílskúr en er nú búið að breyta í smákytrur til útleigu.

Varðandi viðbygginguna bendum við á að hönnun/útlit samrýmist alls ekki götumyndinni, sérstaklega stinga gluggar í stúf við hús í næsta nágrenni (hús MR auðvitað undanskilið). Þá er það greinilegt að hér er verið að byggja smáíbúðir (3 á tæplega 170 fm) til útleigu. Matshluti 01 hefur verið rekinn sem hótel (airbnb) með bílastæði að ofan með innkeyrslu frá Ingólfsstræti. Með nýrri byggingu í það pláss hverfa bílastæðin og flytjast væntanlega niður í Þingholtsstræti. Áhrifin eru þau að bílaumferð eykst mjög og þolir gatan það ekki og augljóslega mun bílastæðum ekki fjölga. Við erum algjörlega andvíg þessum hugmyndum, sérstaklega að hér sé verið að bæta við nýju hóteli (smáíbúðir til útleigu eru ekkert annað en hótel) sem þetta hverfi hefur ekkert með að gera.

Sigurður Björnsson
Hildur Sigurbjörnsdóttir

 # 4

Reykjavík, 10. apríl 2025
USK24070192

Þingholtsstræti 21 – Byggingarleyfisumsókn, grenndarkynning

Að lokinni grenndarkynningu er lagt fram að nýju erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 26. nóvember 2024 þar sem sótt er um leyfi til að breyta, endurgera og byggja ofaná mhl. 02 og innrétta þar þrjár íbúðir og til að byggja einbýlishús á tveimur hæðum, mhl. 03 á lóð nr. 21 við Þingholtsstræti. Einnig eru lagðar fram umsagnir Minjastofnunar Íslands, dags. 19. ágúst 2024 og 16. desember 2024.

Erindið var grenndarkynnt frá 30. janúar 2025 til og með 27. febrúar 2025.

Athugasemdir bárust frá Einari Sigurjónssyni, Þingholtsstræti 22, Gyðu Sigurlaugu Haraldsdóttur, Þingholtsstræti 17 (2 hæð), Sigurði Björnssyni og Hildi Sigurbjörnsd, Þingholtsstræti 15A, Elísabeti Þorgeirsd., Auði Eir Vilhjálmsd. og Yrsu Ingibj. Vilhjálmsd, Þingholtsstræti 17 (3 hæð) og Hönnu Guðmundsd. og Sigríðar Gunnarsd. og Ívars Karls Bjarnas, Ingólfsstræti 20 ásamt ábendingum frá Veitum.





Aðalskipulag Reykjavíkur 2040 / Kort úr borgarvefsjá / Séð frá Ingólfsstræti / Séð frá Þingholtsstræti

Skipulag í gildi

Aðalskipulag: Í gildi er Aðalskipulag Reykjavíkur 2040, samþykkt í borgarstjórn Reykjavíkur þann 19. október 2021 og birt í B-deild stjórnartíðinda þann 18. janúar 2022. Skv. aðalskipulaginu tilheyrir lóðin Þingholt, íbúðarbyggð.

Deiliskipulag/ Hverfisskipulag: Ekki er í gildi deiliskipulag né Hverfisskipulag fyrir lóðina.

Athugasemdir

Athugasemdir bárust úr nágrenninu. Athugasemdaraðilar benda á að fyrirhugaðar byggingaframkvæmdir á Þingholtsstræti og Ingólfsstræti samræmast illa götumynd svæðisins, auk þess sem þrengsli eru mikil. Bent er á að ekki er útskýrt hvernig nýja húsnæðið verður notað, en andmælt er útleigu þess.

Athugasemdir eru gerðar við viðbyggingu ofan á skúr við Þingholtsstræti 21, sem var breytt í smáíbúðir til útleigu. Hönnun og útlit viðbyggingar samrýmast ekki götumyndinni, og það er ljóst að verið er að bæta við smáíbúðum til útleigu sem munu auka bílaumferð og þrengja á bílastæði.

Reykjavík

Athugasemdaaðilar andmæla hugmyndum um að bæta við nýju hóteli (smáíbúðum) í þetta hverfi.

Athugasemdaaðilar andmæla fyrirhuguðum byggingum á Ingólfsstræti og Þingholtsstræti, sem passa illa við götumyndina og munu þrengja að svæðinu. Framkvæmdirnar eru taldar miða að útleigu fyrir ferðamenn og hafa neikvæð áhrif á útsýni, sólskin, verðgildi húseigna og muni leiða til skorts á bílastæðum. Þeir telja að framkvæmdirnar muni rýra gildi eignanna og óska eftir að þær verði ekki heimilaðar.

Athugasemdaraðilar andmæla fyrirhuguðum framkvæmdum vegna þess að þær byggja á villandi upplýsingum um stærðir bygginganna og rangt útreiknuðu nýtingarhlutfalli lóðar. Bent er á að stækkun á byggingunum mun hafa áhrif á nærliggjandi hús, bæði hvað varðar jarðrask, sem getur skaðað undirstöður og trjágróður, og einnig með breytu skuggavarpi og birtuskilyrðum, sem mun draga úr gæðum innanhúss og útsýnis. Bent er á að aukin byggð kemur til með að þrengja að lóðunum og rýra verðgildi og lífsgæði íbúa í nágrenninu. Framkvæmdin er talin miða fyrst og fremst að fjárhagslegum ávinningi framkvæmdaraðila, en ekki að bæta lífskjör íbúa.

Athugasemdaraðilar benda á að um er að ræða breytingu á götumynd sem hefur verið óbreytt lengi, skuggamyndun og aukna umferð sem þeir telja að muni hafa áhrif á öryggismál og almenna velferða íbúa og leiða til lakari lífsgæða.

Umsögn

Þar sem húsið að Þingholtsstræti 21 er aldursfriðað, uppbyggingin er á stað sem nýtur hverfisverndar og götumynd Þingholtsstrætis er vernduð - var óskað eftir umsögn Minjastofnunar um breytingarnar og gerði Minjastofnun ekki athugasemdir við nýbygginguna né hæð ofan á einlyfta steinsteyptu bygginguna við Þingholtsstræti 21.

Yfirbragð byggðarinnar og svæðið innan Hringbrautar er sérstakt hverfisverndarsvæði. Uppbygging svæðisins spannar langt tímabil í sögu borgarinnar en hverfið var að mestu fullbyggt fyrir miðja síðustu öld. Þó má víða finna nýrra húsnæði sem fellt er inn í ríkjandi byggðamynstur. Einkenni svæðisins er fjölbreytni í húsagerðum og byggingarstíl enda byggðist stór hluti svæðisins upp fyrir tíma nútíma skipulagsgerðar. Þá eru gömul og virðuleg tré sem eru víða áberandi í byggðinni. Byggð við Þingholtsstræti hófst þó þegar í byrjun 19. aldar.
Það er mat skipulagsfulltrúa að hinnar umsóttu breytingar eru í samræmi við það sem gengur og gerist í nágrenninu og falla vel að umhverfinu og götumynd. Í hverfum borgarinnar má alltaf gera ráð fyrir að umhverfi í þéttbýli geti tekið einhverjum breytingum sem geti haft í för með sér einhverja skerðingu á hagsmunum, s.s. útsýni, skuggvarpi o.s.frv.

Varðandi skuggavarp þá er húsið að Ingólfsstræti nánast lægsta húsið í götunni og grunnflötur hússins er í takt við það sem gerist í götunni. Skuggavarp er ekki mikið enda er skuggi frá núverandi húsi og trjágróðri á lóðunum verulegur.

Athugasemd varðandi vitlausar stærðir á teikningum eru réttar. Hönnuðir teiknuðu bílskúrinn eftir samþykktum teikningum en í raun var hann byggður minni en samþykktar teikningar heimiluðu. Tekið er undir þær athugasemdir hvað varðar nýtingarhlutfall, nhl er vitlaust reiknað hjá hönnuðum. Það gleymdist að reikna inn húsið sem stendur á lóðinni í dag. Leiðrétt nýtingarhlutfall er: Nýuppbygging og ofaná bygging matshluti, 02

og 03 = 154 + 80,8 m2 og stærð núverandi húss samkv. fmr er 320 m2. Samtals: 554,8 m2. Lóðarstærð: 380 m2, Nýtingarhlutfall lóðar er 1,46. Hönnuðir þurfa að leiðrétta stærðir á aðaluppdráttum. Eins má benda á að þrívíddarmyndirnar eru gerðar í öðru forriti en aðaluppdrættirnir og þess vegna er mismunur á milli teikninganna og skuggvarps. Aðaluppdrættirnir, tvívíðu teikningarnar eru gerðar í Revit sem er töluvert nákvæmara forrit.

Athugasemdirnar snúast að einhverju leyti um útleigu íbúðir til túrista. Lóðin er samkvæmt Aðalskipulagi á íbúðarsvæði svo það er eingöngu heimilt að vera með heimagistingu. Gistiheimili og hótel eru óheimil á lóðinni.

Við hönnun var sérstaklega passað upp á fjarlægðir við mikilvæg tré. Við tökum undir með athugasemdaraðila að trén eru mikilvægur hluti af götumynd. Farið var í gróðurfarsúttekt sem sýnir að gildi og gæði trjáa á lóðinni eru mikil. Trén á lóðinni eru mikilvægur hluti götumyndar og borgarumhverfisins. Passa þarf sérstaklega upp á trén á byggingartíma, bæði stofn og burðargreinar sem og rótarkerfi. Lagt er til að teikna þarf sérstaklega frágang trjánna á lóðinni.

Ekki er dregið í efa að byggingaframkvæmdirnar koma til með að valda raski í þessu þéttbyggða umhverfi. Mælt er með að tekið verði sérstakt tillit til nágranna og gróðurs á framkvæmdatíma.

- nýtingarhlutfall er hóflegt og í í samræmi við grenndina og ríkjandi byggðamynstur.
- Minjastofnun hefur veitt jákvæða umsögn.
- Við fyrirhugaða uppbyggingu verða gömul tré sem eru mikilvægur hluti götumyndarinnar varðveitt
- byggingarmagnið er hóflegt, einungis 3 íbúðir

Breytingar hafa ávalt einhver áhrif en að mati skipulagsfulltrúa eru grenndaráhrif þessarar framkvæmdar ekki mikil.

Niðurstaða

- Passa þarf sérstaklega upp á tréð á byggingartíma, bæði stofn og burðargreinar sem og rótarkerfi. Lagt er til að teikna þarf sérstaklega frágang trjánna á lóðinni.
- Hönnuðir þurfa að leiðrétta stærðir á aðaluppdráttum.
- Að öðru leyti er lagt til að erindið verði samþykkt.

f.h. skipulagsfulltrúa Reykjavíkur

Valný Aðalsteinsdóttir

verkefnastjóri

Reykjavík